

Sp.

971. Skýrsla

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1980.

I. INNHEIMTA TEKNA.

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti ríkisbókhaldsins voru innheimtar tekjur vegasjóðs 31. desember 1980, sem hér segir:

	Samkvæmt vegáætlun m.kr.	Rauntekjur pr. 31.12.'80 m.kr.	Mismunur m.kr.
1.1. Bensíngjald:	11 000	10 345	-655
Brúttótekjur		10 389	
Endurgreiðslur		-44	
1.2. Pungaskattur:	3 600	4 094	494
Km-gjald		3 508	
Árgjald		586	
1.3. Gúmmígjald	75	103	28
Samt. 1.—3.	14 675	14 542	-133
1.4. Ríkisframlag	1 000	1 190	190
1.5. Lánsfé	8 300	9 819	1 519
Samt. 1.—5.	23 975	25 551	1 576

1.0. Bifreiðainnflutningur.

Á árinu 1980 voru fluttar inn 8.927 bifreiðar og er það 746 bifreiðum fleira en árið áður.

Mest var flutt inn af fólksbifreiðum eða alls 7.945. Innflutningur vörubifreiða var alls 581, þar af 202 með yfir 10 tonna leyfðum heildarþunga. Sendibifreiðar voru 342 og sérsmíðaðar bifreiðar til ýmissa verkefna 59. Áætlað er, að bifreiðaeign í lok árs 1980 hafi verið orðin um 96.200 bifreiðar. Fjölgun frá árinu áður er um 6,9%.

Sundurliðaðar tölur um fjölda bifreiða á landinu í janúar 1981 liggja ekki enn fyrir, en 1. janúar 1980 var skiptingin eins og fram kemur í eftirfarandi töflu:

Tegund bifreiðar	Bensín	Dísel	Alls	Aukning frá 11.01.'79
Fólksbifreiðar	77 599	3 426	81 025	7,1%
Alm. bifreiðar	352	765	1 117	3,3%
Vörubifreiðar	3 631	4 242	7 873	6,7%
	81 582	8 433	90 015	7,0%

1.1. Bensíngjald.

Bensínsala á árinu 1980 varð 118,8 m.ltr., en það er 0,4% minnkun frá árinu áður. Ef hins vegar er miðað við meðaleyðslu á bifreið, þá er hún 6,7% minni en árið áður eða 1.410 ltr. á móti 1.512 árið 1979.

Bensín hækkaði á árinu 1980 úr 370 kr. í 595 kr., en það er um það bil 4% umfram almennar verðhækkanir. Bensíngjald sem rennur í vegasjóð var hækkað fjórum sinnum á árinu, fyrst 11. apríl í 91,36, 28. júní í 99,84, 9. okt. í 112,47 og loks 24. des. í 123,72 kr. á lítra.

Bensínsala/meðaleyðsla á bensínbifreið, o. fl.

Ár	Bensínsala m.ltr.	Meðaleyðsla m.ltr.	Verð á ltr. 31.12.	Skattar alls kr/ltr.	Bensíngj. kr/ltr.
1971	77,5	1 756	16,00	10,84	7,87
1972	84,9	1 745	16,00	10,84	7,87
1973	95,1	1 757	26,00	16,05	9,87
1974	104,4	1 736	49,00	30,70	16,00
1975	103,6	1 623	60,00	34,96	16,00
1976	104,5	1 616	80,00	44,86	18,58
1977	114,4	1 685	93,00	53,30	23,28
1978	121,5	1 662	181,00	105,49	48,40
1979	119,3	1 512	370,00	199,39	70,93
1980	118,8 áætl.	1 410	595,00	327,45	123,72

1.2. Þungaskattur.

Innheimtar tekjur af þungaskatti urðu 494 m.kr. umfram áætlun. Skýringu á þessu má að mestu leyti rekja til vanáætlunar, en einnig að hluta til aukningar í akstri.

Heildartekjur af þungaskatti voru 4.094 m.kr. sem skiptast þannig, að tekjur af km-gjaldi voru 3.508 m.kr. og af árgjaldi 586 m.kr. Mælagjald er nú innheimt af dieselbílum, sem eru að heildarþyngd 4 tn. og meir. Eigendum minni bíla er hins vegar heimilt að velja á milli innheimtu skv. km-gjaldi eða föstu árgjaldi.

Þungaskattur dieselbíla er nú innheimtur af um 9.000 bifreiðum. Áætlað er að um 6.400 greiði eftir mæli, en um 2.600 fast árgjald. Þar af er áætlað að um 2.000 bílar séu í eigu bænda, sem fá 50% afslátt.

Á síðustu árum hefur orðið mikil fækkun á þeim bílum sem greiða fast árgjald. Er greinilegt, að eigendur dieselbíla undir 4 tn. heildarþ. notfæra sér heimild um að greiða eftir mæli í stað fasts árgjalds, ef það er hagstætt fyrir þá.

1.3. Gúmmígjald.

Tekjur af gúmmígjaldi, sem nú er 45 kr. á hvert kg. af innfluttu gúmmíi, urðu 103 m.kr., en það er 28 m.kr. meira en áætlað var. Má rekja það til þess, að mun meira var flutt inn af bifreiðum en gert var ráð fyrir.

Alls voru flutt inn 2.290 tn. af hjólbörðum. Áætlað er að 1.600 tn. séu vegna endurnýjunar og 690 tn. vegna innflutnings nýrra bifreiða.

Hér að neðan eru tölur yfir innflutning hjólbarda og árleg meðalnotkun bifreiða af gúmmíi.

Ár	Innfl. vegna nýrra bifr.	Innfl. vegna endurnýjunar	Innfl. alls tonn	Meðalendur- nýjun kg/bifr.
1971	590	1 030	1 620	21
1972	540	1 270	1 810	23
1973	610	1 380	1 990	23
1974	810	1 530	2 340	23
1975	270	1 110	1 380	16
1976	340	1 050	1 390	15
1977	570	1 530	2 100	20
1978	680	1 460	2 140	18
1979	630	1 380	2 010	16
1980	690	1 600	2 290	17

Á fskj. 1.—1. er sýnt yfirlit yfir grundvöll markaðra tekjustofna, eins og hann var 1. jan. 1981.

1.4. Ríkisframlag.

Ríkisframlag var í vegáætlun 1980 1.000 m.kr., en er hér hækkað um 190 m.kr., sem eru verðbætur á launalið stjórnar og undirbúnings umfram verðlag í desember 1979 að upphæð 120 m.kr. og 70 m.kr. sem er sérstök aukafjárveiting til Norðurlandsvegar í Langadal.

1.5. Lánsfjáröflun.

Lánsfjáröflun önnur en bráðabirgðalán og vinnulán, námu 9.819 m.kr. Af þessari upphæð eru 8.300 m.kr. skv. vegáætlun, en til viðbótar komu 1.519 m.kr., sem nánar er gerð grein fyrir í kafla 2.3.0.3.

II. SKIPTING ÚTGJALDA.

Heildarupphæð fjárveitinga til vegamála skv. vegáætlun var 23.975 m.kr. og skiptist hún milli framkvæmdaliða skv. töflu hér að neðan. Til viðbótar þessari upphæð kom 70 m.kr. aukafjárveiting til Norðurlandsvegar í Langadal, 120 m.kr. aukafjárveiting vegna launahækkana, sem urðu umfram verðlag í des. 1979 og 1.519 m.kr. lánsfé, sem Áhaldahús Vegagerðar ríkisins tók hjá Byggðasjóði og endurlánaði til ýmissa framkvæmda, eins og frá er greint í kafla 2.3.0.3. hér á eftir. Heildarfjárveiting varð því 25.684 m. kr.

SKIPTING ÚTGJALDA		Upph. í m.kr.		
	Samkv. vegáætlun	Viðbótar- fjármagn	Samtals	
2.1. Stjórn og undirbúningur:				
1. Skrifstofukostnaður	462			
2. Verkfræðilegur undirbúningur	596			
3. Umferðartalning og vegaeftirlit	89			
4. Eftirlaunagreiðslur	59			
	<hr/>	1 206	120	1 326
2.2. Viðhald þjóðvega:				
1. Sumarviðhald				
1. Viðhald malarvega	2 469			
2. Viðhald vega með bundnu slitlagi	662			
3. Viðhald brúa	311			
4. Viðhald varnargarða	41			
5. Heflun vega	1 251			
6. Rykbinding	389			
7. Vinnsla efnis	1 218			
8. Vatnaskaðar og ófyrirséð	269			
9. Vegmerkingar	60			
	<hr/>			
	6 670			
2. Vetrarviðhald	1 632			
	<hr/>	8 302		8 302
2.3. Til nýrra þjóðvega:				
1. Stofnbrautir				
1. Almenn verkefni	3 884			
2. Bundin slitlög	950			
3. Sérstök verkefni	3 700			
	<hr/>			
	8 534			
2. Þjóðbrautir	1 700			
3. Girðingar og uppgræðsla	158			
	<hr/>	10 392	1 589	11 981
2.4. Til brúagerða:				
1. Brýr 10 m og lengri	790			
2. Smábrýr	210			
	<hr/>	1 000		1 000

	Samkv. vegáætlun	Viðbótar- fjármagn	Samtals
2.5. Til fjallvega o. fl.:			
1. Aðalfjallvegir	49		
2. Aðrir fjallvegir	52		
3. Þjóðgarðavegir o. fl.	49		
4. Bláfjallav., Suðurlandsv.—Hafnarfj.	21		
5. Reiðvegir	5		
	<hr/>	176	176
2.6. Til sýsluvega:		816	816
2.7. Til vega í kaupst. og kauptúnum:		1 835	1 835
2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa:			
1. Til véla- og verkfærakaupa	70		
2. Til byggingar áhaldahúsa	105		
	<hr/>	175	175
2.9. Til tírauna:		73	73
	<hr/>		
	Samtals	23 975	1 709
			25 684

2.0. VERÐHÆKKANIR OG GREIÐSLUHALLI Á VEGÁÆTLUN.

Til grundvallar þeim fjárhæðum sem fram komu í vegáætlun 1980, lá ákveðin spá um þróun verðlags. Meðalverðlagshækkunir milli 1979 og 1980 voru áætlaðar 45% og öll markmið og stefna vegáætlunar var miðuð við þá hækkun. Verðlagsþróun breyttist hins vegar mjög til hins verra er leið á árið og raunverulega verðhækkunin varð mun meiri eins og eftirfarandi vísitölur sýna.

	Vegagerð	Brúagerð	Viðhald
1. Vísitala í vegáætlun (áætl.)	218	224	218
2. Vísitala í ágúst 1980	227	236	228
Hækkun 1—2	4,1%	5,4%	4,6%

Til að mæta þessum verðhækkunum, var dregið úr framkvæmdum eins og kostur var. Óhjákvæmilega varð þó halli á ýmsum bundnum liðum. Snjómokstur varð 330 m.kr. umfram fjárveitingu. Hluta þess má rekja til óhagstæðs tíðarfars seinni hluta ársins, en að meirihluta til þess að fjárveiting var skorin niður við afgreiðslu vegáætlunar s. l. vor á grundvelli hagstæðs tíðarfars fyrstu mánuði ársins. Halli á launalið stjórnar og undirbúnings var 120 m.kr. og halli á tekjuáætlun 135 m.kr. Halli á vetrarviðhaldi og tekjuáætlun verður greiddur af vegáætlun 1981 en halli á launalið var bættur úr ríkissjóði á árinu 1980, skv. sérstöku samkomulagi.

2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR.

2.1.0 Starfsmannahald.

Um s. l. áramót voru ármenn hjá Vegagerð ríkisins 450, en voru 451 um áramótin 1979—1980. Af þessum 450 eru 135 starfsmenn á kjörum opinberra starfsmanna, en heimiluhöld stöðugildi eru 142.

Yfir sumartímann fer fjöldi starfsmanna upp í 900—1000, og heildarlaunagreiðslur námu rúnum 5,1 milljarði gkr. á árinu 1980.

Auk framangreindra starfsmanna starfa u. þ. b. 400 vörubifreiðastjórar með eigin bifreiðar hjá Vegagerð ríkisins yfir framkvæmdatímann, og námu greiðslur til þeirra á árinu 1980 rúnum 4,3 milljörðum gkr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda starfsmanna um s. l. áramót, sundurgreint eftir umdæmum og starfsstéttum.

Fastir starfsmenn 1. jan. 1981.

	Reykja- vík	Subur- land	Reykja- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- vestra	Norður- eystra	Austur- land	Borgar- fjarðar brú	Samtals jan. 1981
Skrifstofa, yfirstjórn	21	2		3	2	2	3	2		35
Verkfræðilegur undirbúningur	30	4	3	5	3	3	4	5		57
Vegaefitílit	6									6
Starfsm. áhaldah. skv. lfl. BSRB	12	1	2	1	1	2	1	1		15
Iðnlærðir verkstjórar	7	1	8	13	9	7	17	14		19
Verkstjórar	3	9	1	8	2	5	8	7		80
Iðnaðarmenn	33		1	8	2	5	8	7		64
Vélamenn	15	14	10	20	14	11	21	15		120
Verkamenn	17	4	2	6	1	6	1	2		39
Ráðskonur, matráðskonur	7	1	2	1		3	3	1		15
Fastir starfsm. í jan. 1981	151	36	28	57	32	36	61	49		450
Fastir starfsm. í jan. 1980	161	37	27	56	32	28	59	51		451
Fastir starfsm. í jan. 1979	150	32	27	54	29	26	61	46	27	452
Fastir starfsm. í jan. 1978	135	31	27	57	29	25	67	46	53	470
Fastir starfsm. í jan. 1977	140	30	27	65	27	25	71	47	42	474

2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Til þessa liðar telst kostnaður vegna yfirstjórnar Vegagerðarinnar í Reykjavík svo og bókhaldsskrifstofa í umdæmum, sem eru nú á eftirtöldum stöðum: Selfossi, Borgarnesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri og Reyðarfirði. Þessar skrifstofur sjá um undirbúning og frágang allra skjala vegna bókhalds- og launavinnslu viðkomandi svæðis. Úrvinnsla gagna fer hins vegar fram í Reykjavík hjá SKÝRR, en umdæmi fá síðan sent til baka allar bókhaldsútskriftir sem varða viðkomandi svæði. Með þessu móti er reynt að færa bókhaldið sem næst þeim sem verkin vinna og ábyrgð bera, þannig að kostir þess sem stjórnækis nýtist sem best. Á árinu var unnið að endurskoðun birgðabókhaldskerfis stofnunarinnar og verður ný útgáfa þess notuð frá áramótum 80—81. Í framhaldi af því verða birgðamál fyrirtækisins tekin til gagngerðrar skoðunar á árinu 1981. Þá var einnig hafinn undirbúningur að sérstöku kostnað-areftirlitskerfi, sem gefa á möguleika á að tengja saman raunverulegan kostnað hvers verks og kostnaðaráætlun. Er bundnar miklar vonir við að þetta kerfi geti orðið liður í markvissari áætlanagerð.

2.1.2. Verkfræðilegur undirbúningur.

Fjárveiting var 596 m.kr. og var henni varið til undirbúningsframkvæmda, einkum þeirra, sem ekki höfðu fjárveitingu á árinu. Var hér um að ræða mælingar, kortagerð og ýmsar rannsóknir auk hönnunarvinnu og annars tæknilegs undirbúnings. Að nokkru var hér um áframhald vinnu frá fyrra ári að ræða.

Þá hefur einnig verið unnið að gerð yfirlitsáætlunar um úrbætur á öllu stofnvegakerfi landsins.

2.1.3. Umferðartalning og eftirlit.

Fjárveiting var 89 m.kr.

A. Talning umferðar.


Umferðartalning fór fram eftir skipulagi, sem unnið hefur verið eftir síðan 1975.

Talin var umferð allt árið á 46 stöðum um land allt. Auk þess var gerð víðtæk könnun á sumarumferð á Norðurlandi.

Umferðin 1980 virðist hafa aukist nokkuð frá því, sem hún var 1979. Er aukningin tæp 7% á sumarumferð og rúm 5% á ársúmsferð miðað við landið í heild. Einna mest hefur umferðarukningin verið á austanverðu Norðurlandi 15—16% og um 15% á Vestfjörðum.

Kort það, sem hér fer á eftir, sýnir dreifingu ársúmsferðar á vegakerfinu.

Á fylgiskjöllum 2.1.3. 1—4 eru talningarstaðir sýndir ásamt umferðartölum á hverjum stað.



B. Athugun á umferðarslysum.

Safnað var upplýsingum um umferðarslys á þjóðvegum (að þjóðvegum í þéttbýli undanskildum), sem gerð var lögregluskýrsla um á árinu 1979. Alls bárust upplýsingar um 811 slys. Í 173 þeirra eða um 21% tilfella urðu meiðsli á fólki. Staðsetning slysanna var skráð og eðli þeirra. Í ljós kom, að um 33% slysanna varð, er bifreið var ekið út af vegi, og um 54% allra slysa með meiðslum á fólki varð í útafakstri.

Þá var reiknuð út slysatíðni miðað við umferð (fjöldi slysa fyrir hverja 1.000.000 ekinna km). Meðalslysatíðni á þjóðvegakerfinu á árinu 1979 reyndist vera 1,81. Samsvarandi tala fyrir árið 1978 var 2,11.

Sá þjóðvegur, sem flest slys urðu á var Hafnarfjarðarvegur, en alls voru á árinu 1979 gerðar lögregluskýrslur um 160 slys og óhöpp á honum. Er þá miðað við veginn allan frá Fossvogslæk að Reykjanesbraut. Þetta eru um 19,7% allra slysa sem upplýsingar bárust um. Slysatíðni á honum reyndist vera 3,89 slys á 1.000.000 ekinna km, þ. e. verulega hærra en landsmeðaltal.

Reiknað er með, að slysaathugunum verði haldið áfram með svipuðum hætti og niðurstöður þeirra verði notaðar til þess að ákvarða þá staði, sem sérstaklega þarfnast endurbóta út frá öryggissjónarmiði.

C. Vegaeftirlit.

Störf vegaeftirlitsins voru svipuð og á liðnum árum. Í samvinnu við lögregluna var fylgst með öxulþunga bifreiða á þjóðvegum. Vegaeftirlitsmenn fylgjast einnig með ástandi ökumæla í díselbifreiðum, sem notaðir eru til ákvörðunar þungaskatts.

Vegaeftirlitið sér einnig um upplýsingamiðlun um ástand vega, vegmerkingar, samræmingu á snjómokstri á þjóðvegum og umferðartalningar.

2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Eftirlaunagreiðslur til fyrrv. vegaverkstjóra og verkamanna, sem starfað höfðu áratugum saman hjá Vegagerðinni, einnig til ekkna þessara aðila, voru áætlaðar 59,0 m.kr. en urðu ekki nema 57,3 m.kr. þrátt fyrir verðhækkningar, þar sem eftirlaunaþegar urðu mun færri en áætlað var. Tveir fyrrv. verkstjórar og tveir fyrrv. verkamenn létust, en aðeins ein ekkja og einn verkamaður öðluðust rétt til eftirlauna á árinu, en frestað var greiðslu eftirlauna til eins verkstjóra.

Alls nutu því 10 fyrrv. vegaverkstjórar, 17 ekkjur og 8 fyrrv. verkamenn eftirlauna í árslok eða samtals 35 á móti samtals 37 í árslok 1979.

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA.

	Fjárveiting m.kr.
Sumarviðhald	6 670
Vetrarviðhald	1 632
Samtals	8 302


2.2.1. Sumarviðhald.

Til þessa liðar telst allur kostnaður við viðhald á auðum vegum og fer mest af því fram að sumarlagi. Skiptist þessi liður í eftirfarandi viðhaldsliði.

Sumarviðhald	Fjarveiting m.kr.
1. Viðhald malarvega	2 469
2. Viðhald vega með bundnu sltitlagi	662
3. Viðhald brúa	311
4. Viðhald varnargarða	41
5. Heflun vega	1 251
6. Rykbinding	389
7. Vinnsla efnis	1 218
8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	269
9. Vegmerkingar	60
Samtals	6 670

Á meðfylgjandi töflu er viðhaldskostnaður á árunum 1970—80 tilgreindur og jafnframt færður upp til verðlags 1980, lengd akfærra þjóðvega, viðhaldskostnaður á hvern km miðað við verðlag 1980, bílafjöldi í ársbyrjun viðkomandi árs og áætlaður fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum í millj. km. Í síðasta dálki töflunnar er síðan viðhaldskostnaður á hvern ekinna km miðað við verðlag 1980, og eru þær tölur einnig sýndar á meðfylgjandi súluriti.

Ár	Viðhaldskostn. m.kr.	Visitalei viðhaldskostn.	Viðhaldsk. miðað við verðlag 1980 m.kr.	Lengd akfærra þjóðvega km	Viðhaldsk. á km miðað við verðlag 1980. Þús.kr.	Bílafjöldi í ársbyrjun	Fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum m.km	Viðhaldsk. á hvern ekinna km miðað við verðlag 1980. Kr.
1970	179,3	8,2	4992	8186	610	43,576	308	16,2
1971	218,1	9,5	5244	8148	644	47,011	328	16,0
1972	303,6	11,4	6083	8164	745	52,489	349	17,4
1973	334,0	13,9	5488	8104	677	57,155	371	14,8
1974	680,0	22,3	6965	8211	848	63,189	395	17,6
1975	840,0	36,4	5270	8336	632	71,364	420	12,5
1976	1172,0	46,9	5706	8336	685	71,459	420	13,6
1977	1437,0	67,5	4861	8336	583	73,410	449	10,8
1978	2655,0	100,0	6064	8409	721	78,481	450	13,5
1979	3946,6	145,0	6216	8406	739	84,141	449	13,8
1980	6363,0	228,4	6363	8409	757	90,015	472	13,5



Eins og undanfarin ár var lögð mikil áhersla á, að sem minnst af viðhaldsfé færi í vorviðgerðir, en sem mest til viðhalds og endurbóta á vegum.

Lögð var áhersla á að reyna að koma í veg fyrir vorskemmdir með því að hafa eftirlit með öxulþunga bifreiða og takmarka hann, þar sem nauðsyn krafði, en engu að síður urðu víða nokkrar vorskemmdir á vegum víðsvegar um land.

Kort það, sem hér fer á eftir, sýnir þær öxulþungatakmarkanir, sem settar voru síðastliðið vor.

Í meðfylgjandi töflu er þjóðvegum skipt niður eftir umferðarþunga. Nær þessi skipting yfir kjördæmi. Einnig er gerður greinarmunur á malarslitlagi og bundnu slitlagi.

1980

Kjördæmi	Gerð slitlags	Sumardagsumferð bílar/dag																	Ársumferð millj. ekinna km				
		Fjöldi km af vegum í hverjum umferðarflokki																	Alls kjörd. km	Alls í kjörd. km			
		Minni en 50	50-100	100-200	200-300	300-500	500-750	750-1000	1000-1500	1500-2000	2000-3000	3000-5000	5000-10000	Minni en 10000	Alls kjörd. km	Alls í kjörd. km							
Suðurland	Malar Bundið	485	319	330	90	162	58	7	12	-	-	-	-	-	-	-	-	1463	50	1571	43	93	
Reykjanes	Malar Bundið	22	55	49	21	9	19	-	31	-	5	-	-	-	-	-	-	211	19	361	143	162	
Vesturland	Malar Bundið	504	266	215	140	138	50	31	26	-	-	-	-	-	-	-	-	1370	56	1401	5	61	
Vestfirðir	Malar Bundið	397	493	254	45	31	3	-	-	-	3	-	-	-	-	-	-	1323	27	1331	3	30	
Norðurl. ve.	Malar Bundið	450	190	131	97	152	51	1	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1072	33	1101	3	36	
Norðurl. ey.	Malar Bundið	345	241	261	132	142	40	-	6	-	1	-	-	-	-	-	-	1168	41	1198	8	49	
Austurland	Malar Bundið	443	212	560	137	80	6	1	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1439	40	1446	1	41	
Samtals	Malar Bundið	2646	1776	1900	662	714	227	40	75	-	5	1	-	-	-	-	-	8046	266	8409	17	472	
		2	-	11	3	57	69	42	37	29	26	65	17	5	363								
Alls		2648	1776	1911	665	771	296	82	112	29	31	66	17	5	8409								

2.2.1.1. Viðhald malarvega.

Í þessum lið er kostnaður við endurnýjun ræsa, skurðgröft, rásagerð, eftirlit, endurnýjun umferðarmerkja og stiká, malarburð og fleira.

Til malarburður var varið 1.412,5 m.kr., en það gerir um 22% af heildarkostnaði sumarviðhalds.

Eftirfarandi tafla sýnir lengd vega, sem malarbornir voru 1980, ásamt fjölda rúmmetra, sem ekið var í slitlag vega.

Kjördæmi	Lengd km	Malar-magn m ³	Magn m ³ /m	Meðal þykkt cm
Suðurland	148	144 000	0,97	14,0
Reykjanes	19	14 000	0,74	10,5
Vesturland	109	86 200	0,79	12,0
Vestfirðir	99	53 200	0,54	12,0
Norðurland vestra	231	110 200	0,48	9,0
Norðurland eystra	164	99 000	0,60	11,0
Austurland	63	62 000	0,98	20,0
Samtals	833	568 600	0,68	12,0

Meðalkostnaður við akstur og útlagningu hvers rúmmetra varð 2.485 kr.

2.2.1.2. Viðhald vega með bundnu slitlagi.

Lagt var um 19 km slitlag í viðhaldi, þar af 11 km olíumalar og 8 km malbiks. Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir gerð bundins slitlags í árslok 1980 eftir kjördæmum.

Kjördæmi	Lengdir í km				Samtals
	Steypa	Malbik	Olíumöl	Klæðning	
Suðurland		4,4	86,7	17,4	108,5
Reykjanes	46,6	39,3	58,4	5,8	150,1
Vesturland		0,1	6,3	24,9	31,1
Vestfirðir		7,6			7,6
Norðurland vestra	0,8			28,0	28,8
Norðurland eystra		10,5		19,6	30,1
Austurland	0,7		6,6		7,3
Samtals	48,1	61,9	158,0	95,7	363,7

2.2.1.3. Viðhald brúa.

Fjárveiting var 311 m.kr. Stærstu verkefni voru endurbygging brúa á Stjórn (203) og Affall (252). Einnig voru endurnýjaðir bitar í brú á Vesturá (85). Við Kelduá á Fljótsdal urðu skemmdir bæði af skriðuföllum haustið 1979 og vatnavöxtum á s. l. hausti. Þar hefur verið gert við til bráðabirgða.

2.2.1.4. Viðhald varnargarða.

Fjárveiting var 41 m.kr. Unnið var að minniháttar viðhaldsverkefnum á mörgum stöðum. Í ágúst s. l. kom hlaup í Súlu. Urðu þá nokkrar skemmdir á varnargörðum. Viðgerð var frestað til næsta árs.

2.2.1.5. Heflun vega.

Eins og fyrri ár var reynt að nýta heflunarfjárveitinguna þannig, að sem best not yrðu af hverri heflingu.

Vegagerðin á nú 66 hefla, og eru þeir allir starfræktir við heflun malarveganna, ásamt verkum í nýbyggingum vega.

Á árinu 1980 voru keyptir 5 nýir heflar.

Síðastliðin 4 ár hafa verið haldin heflustjóranámskeið, sem hafa það að markmiði að kenna rétt vinnubrögð við heflun. Þessi námskeið voru haldin í öllum umdæmum árið 1980. Vegagerðin hefur einn fastan starfsmann er kennir vegheflun.

Kostnaður við heflun varð 1.254,7 m.kr. eða um 156 þús. kr. á hvern km af malarvegum.

2.2.1.6. Rykbinding.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir lengd malarvega 1980, sem rykbundnir voru með klórkalsíum eða sjó. Í töflunni eru einnig upplýsingar um lengd malarvega með umferð meiri en 300 bílar á dag, miðað við sumarumferð. Eins og taflan sýnir, vantar mikið á að ná því marki að rykbinda alla malarvegi með meiri umferð en 300 bílar á dag.

Kjördæmi	Rykbinding, km				Lengd malarvega með umferð meiri en 300 b/d km
	Að fullu	Að nokkru leyti	Með sjó	Alls	
Suðurland	33	144	19	196	239
Reykjanes	14	14	11	39	64
Vesturland	4	23	25	52	245
Vestfirðir	24	2	5	31	34
Norðurland vestra	4	30	2	36	204
Norðurland eystra	31	–	67	98	189
Austurland	24	15	–	39	87
Samtals	134	228	129	491	1 062

2.2.1.7. Vinnsla efnis.

Nú eru starfræktar þrjár mulningsvélasamstæður, þar sem ný samstæða var keypt á árinu 1979. Tvær hörpusamstæður eru einnig í eigu Vegagerðarinnar. Samið var við nokkra verktaka um mölun á efni.

Vinnsla efnis í slitlag malarvega 1980 var sem hér segir.

Kjördæmi	Möln m ³	Hörpun m ³	Alls m ³
Suðurland	32 600	—	32 600
Reykjanes	9 500	—	9 500
Vesturland	65 400	—	65 400
Vestfirðir	15 000	4 000	19 400
Norðurland vestra	24 000	42 000	66 000
Norðurland eystra	62 500	—	62 500
Austurland	25 000	—	25 000
Samtals	234 000	46 000	280 000

2.2.1.8. Vatnaskemmdir.

Á árinu 1980 var varið 165,6 m.kr. til lagfæringa vegna vatnaskemmda. Árið 1979 var varið í þessu skyni 235 m.kr. og 283 m.kr. 1978, og þá miðað við verðlag 1980.

Samkvæmt þessum samanburði varð tjón vegna vatnaskemmda minna en oft áður, sé litið á allt landið, en landshlutarnir sluppu misvel, t.d. varð kostnaður vegna vatnstjóna á Austurlandi 96,8 m.kr., eða 58% af heildarkostnaðinum. Alvarlegustu tjónin urðu þar þann 31. okt. s. l., en þá rigndi með miklu hvassviðri og hlýindum. Jörð var freðin og nokkur snjór, sem bráðnaði mjög snögglega. Hljóp víða úr giljum og ár fóru úr farvegum. Mestu vegaskemmdirnar urðu í Fljótsdal, Reyðarfirði og í Berufirði.

Í öðrum landshlutum urðu engin stórtjón á einstökum stöðum, heldur var um margar smærri viðgerðir að ræða.

2.2.1.9. Vegmerkingar.

Fjárveiting var 60 m.kr., en það er lítið eitt lægri upphæð en árið 1979, sé miðað við verðlag. Á árinu var einkum unnið að uppsetningu vegnúmera D-37 á Vestfjörðum, og hafin uppsetning á merkinu D-38, sem er merki með nafni kaupstaða og innfældri mynd af skjaldarmerki þeirra. Einnig var að venju unnið við viðhald.

Á þessu ári verður lokið uppsetningu á merkingu D-38 og settir verða upp vegvísar D-33 á vegamót, sem nú eru einungis merkt með leiðamerkjunum D-34. Leiðamerkin standa yfirleitt 150—200 m frá sjálfum vegamótunum og þykir því vanta vegvísa á sjálf vegamótin.

Gera verður ráð fyrir að kostnaður við viðhald umferðarmerkja verði með mesta móti vegna mikilla snjóþyngsla á þessum vetri, 1980—1981.

2.2.2. Vetrarviðhald.

Fjárveiting til vetrarviðhalds var 1.632 m.kr. Frá þessari fjárhæð var síðan dreginn halli frá 1979, að upphæð 288,8 m.kr. Til ráðstöfunar voru því 1.343,2 m.kr. á árinu 1980. Kostnaður varð 1.678,5 m.kr. eða 335,3 m.kr. umfram raunverulegt ráðstöfunarfé.

Í ársbyrjun 1980 var fjárveiting til vetrarviðhalds áætluð 2.240 m.kr., en við afgreiðslu vegáætlunar í maímánuði var hún lækkuð um 608 m.kr. vegna þess, hve veturinn frá áramótum til vors var óvenju snjóléttur og kostnaður við vetrarviðhald því með minnsta móti. Frá hausti til áramóta var einnig hagstæð tíð nema í desember, en hann varð erfiður um allt land vegna óstöðugs tíðarfars, þó óvíða væri mikill snjór.

Vetrarviðhald kostaði 696 m.kr. til máiloka, en seinni hluta ársins var varið 982,5 m.kr. og þar af í desember 527 m.kr. Meðalkostnaður við vetrarviðhald síðustu tíu árin var 1 923,2 m.kr. á ári miðað við verðlag 1980.

Sé borinn saman snjómokstur á nokkrum fjallvegum var unnið við snjómokstur á Holtavörðuheidi í alls 8 daga, en vegurinn um heidina varð aldrei alveg ófær vegna snjóa á árinu. Kostnaður á hvern km varð 729 þús.kr. Á Breiðadalsheidi var unnið við snjómokstur í 17 daga. Í 52 daga á árinu var heidin þó talin ófær vegna snjóa, en kostnaður á hvern km varð 2.387 þús.kr. Í Oddsskarði var unnið við snjómokstur í 27 daga. Vegurinn var talinn ófær vegna snjóa í 17 daga og kostnaður á km 1.910 þús.kr.

Hér á eftir fer tafla, sem sýnir hve marga daga ýmsir fjallvegir voru ófærir vegna snjóa í hverjum mánuði árið 1980. Einnig er sýnt hve marga daga unnið var við snjómokstur á þeim.

Tafla er sýnir, hve ýmsir fjallvegir voru lengi lokaðir vegna snjóa árið 1980.

	Jan.	Febr.	Mars	Apr.	Mái	Júní	Júlí	Ág.	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Alls	Hlutfall af 366 dögum %	Snjó- moksturs- dagar
Fróðárheidi	2	1	2										5	1	14
Svínadalur	1												1	—	8
Klettháls	31	29	25	14							1	18	118	32	6
Hálfván	4	4	4	1									1	14	4
Dynjandisheidi	31	29	31	30	3								20	144	39
Hrafnseyrarheidi	31	29	29	17	1					3	5	19	134	37	37
Breiðadalsheidi	15	12	11	7	1					1	1	13	61	17	17
Botnsheidi	13	15	12	7						1	1	9	58	16	16
Porskfjarðarheidi	31	29	31	30	13					18	10	24	186	51	8
Holtavörðuheidi														—	8
Vatnsskarð														—	8
Sigluf.v., Fljót-Sigl.	5		4									5	12	26	7
Lágheidi	31	29	31	27	8					27	18	31	202	55	5
Öxnadalsheidi													1	1	—
Ólafsfjarðarmúli	4	3										8	17	32	9
Vaðlaheidi	27	26	31	8						8	15	24	139	38	11
Hóllsandur	31	29	31	30	5					24	30	31	211	58	1
Axarfjarðarheidi	31	29	31	30	22					25	30	31	229	63	1
Sandvíkurheidi	1	13	2									8	24	7	13
Vopnafjarðarheidi	31	29	31	27						13	15	31	177	48	4
Móðrudalsöræfi	29	29	26	13						2	2	19	120	33	5
Vatnsskarð eystra	9	10	12	4	4					7	9	25	80	22	17
Fjarðarheidi	7	13	10	2	2					1	3	9	47	13	39
Oddsskarð	4	2	3	1								7	17	5	27
Breiðadalsheidi	31	29	31	8						2	9	19	129	35	4

Yfirlit yfir kostnað við vetrarviðhald 1970—1980.

Ár	Jan.—júni m.kr.	Okt.—des. m.kr.	Allt árið m.kr.	Vísitala viðhalds- kostnaðar	Á verðl. 1980 m.kr.
1970	34,0	15,9	49,9	7,19	1 568,5
1971	34,0	20,7	54,7	8,33	1 484,1
1972	24,4	29,7	54,1	9,98	1 225,1
1973	59,0	40,1	99,1	12,5	1 791,7
1974	91,6	72,4	164,0	20,4	1 816,9
1975	245,4	77,2	322,6	33,4	2 182,9
1976	227,4	91,8	319,2	43,8	1 647,1
1977	323,0	171,3	500,3	67,7	1 671,0
1978	526,9	318,2	845,1	100,0	1 909,9
1979	890,7	546,2	1 436,9	144,0	2 255,9
1980	707,6	970,9	1 678,5	226,0	1 678,5

Kostnaður við vetrarviðhald nokkurra fjallvega.

Fjallvegir	Lengd kafla km	Kostnaður v/snjómokstur m.kr.	Kostnaður á km þús.kr.
Hellisheiði: Reykjavík — Hveragerði	38	75,8	1 994,6
Holtavörðuheiði	38	27,7	729,5
Fróðárheiði	13	12,7	979,1
Miklidalur og Hálfván	29	14,8	511,9
Breiðadalsheiði	16	38,2	2 386,9
Botnsheiði	17	30,4	1 786,5
Siglufjarðarvegur: Dælisós — Siglu- fjörður	31	34,2	1 103,1
Öxnadalshéiði	30	23,3	777,1
Ólafsfjarðarmúli	18	31,1	1 726,3
Fjarðarheiði	25	41,6	1 662,9
Oddsskarð	22	42,0	1 910,3

2.2.3. Yfirlit um viðhald þjóðvega og skiptingu þess.

Í meðfylgjandi töflum er gefið yfirlit um viðhaldskostnað þjóðvega og skiptingu hans.

Viðhaldskostnaður þjóðvega 1970—1980.

Ár	Fjár- vegáætl. m.kr.	Heildar- kostnaður m.kr.	Vetrar- viðhald m.kr.	Vetrarviðhald sem hluti af heildarkostnaði %
1970	197,4	229,2	49,9	21,8
1971	250,0	272,8	54,7	20,1
1972	355,0	357,7	54,1	15,1
1973	375,0	433,1	99,1	22,9
1974	716,4	844,0	164,0	19,4
1975	1 048,7	1 161,7	321,7	27,7
1976	1 381,0	1 462,1	315,8	21,6
1977	1 878,0	1 979,8	500,3	25,3
1978	3 220,0	3 500,2	845,1	23,8
1979	5 252,0	5 383,5	1 436,9	26,7
1980	8 302,0	8 101,4	1 687,4	20,7

Skipting viðhaldskostnaðar.

Í meðfylgjandi töflu er sýnt yfirlit um skiptingu viðhaldskostnaðar fyrir árið 1980. Skiptingin nær til sautján kostnaðarliða samkvæmt nýrri kostnaðarskiptingu, sem var gerð fyrir allt landið í fyrsta skipti árið 1978.

Í næstu töflu er svo tilgreind lengd akfærra vega og kostnaður við viðhald vega á km, ásamt eignum km og viðhaldskostnaði á hvern ekinn km. Í töflunni er einnig sýndur kostnaður við sumarviðhald og kostnaður á hvern ekinn km.

Skipting viðhaldskostnaðar þjóðvega árið 1980.

Kjördæmi									
Kostnaðarliðir	Suðurland m.kr.	Reykjanes m.kr.	Vesturland m.kr.	Vestfirðir m.kr.	Norðurl. ve. m.kr.	Norðurl. ey. m.kr.	Austurland m.kr.	Samtals m.kr.	Hlutf. af heildarkostn. %
Vetrarviðhald	198,4	225,1	227,2	290,6	115,5	252,1	369,7	1 678,6	20,9
Eftirlit og hreinsun	64,3	18,1	41,2	75,4	26,9	30,0	44,3	300,2	3,7
Umferðarmerki, stíkur og leiðarar	13,8	29,9	14,2	17,6	13,3	9,2	15,9	113,9	1,4
Vegmálun	17,0	28,8	3,9	4,2	0,9	3,1	-	57,8	0,7
Umferðarljós, lýsing	-	26,0	-	-	-	-	-	26,0	0,3
Mölbúrdur	318,1	54,2	148,8	177,7	246,6	280,5	186,6	1 412,5	17,6
Yfirlagnir	30,0	289,9	-	136,3	-	-	19,0	475,2	5,9
Axlar, gangbrautir	5,0	5,6	-	-	-	-	-	10,6	0,1
Heflun	297,6	84,5	245,6	128,0	131,4	170,0	197,6	1 254,7	15,6
Rykbinding	60,8	21,4	46,9	17,9	32,5	44,0	31,1	254,6	3,2
Ræsi, skurðir, rásir	49,8	11,0	46,0	58,1	56,3	20,3	3,4	244,8	3,0
Viðgerð á malarvegum	73,7	2,9	90,8	53,1	13,7	19,9	98,0	352,0	4,4
Viðgerð á bundnu slitlagi	5,0	25,4	1,8	0,8	3,0	4,2	-	40,2	0,5
Vatnaskemmdir	15,0	7,0	17,3	19,4	1,8	10,8	96,8	165,7	2,1
Vinnsla efnis	174,0	35,9	238,6	96,1	132,9	235,9	153,0	1 066,4	13,3
Viðhald brúa og varnargarða	142,0	1,0	14,3	25,4	9,4	5,3	83,3	280,7	3,5
Ýmis kostnaður, styrkingar o. fl.	92,6	33,8	71,0	11,9	22,4	66,8	6,3	305,1	3,8
Samtals	1 557,1	900,5	1 207,6	1 112,5	806,6	1 152,1	1 305,0	8 041,4	100,0

Viðhaldskostnaður þjóðvega miðað við hvern km og ekinn km árið 1980.

Kjördæmi	Viðhaldskostnaður fyrir árið 1980 m.kr.	Lengd akfærra vega km	Viðhaldskostnaður á hvern km þús.kr.	Ekinn km 1980 m.km	Viðhaldskostnaður á hvern ekinn km kr.	Kostnaður við sumarviðhald 1980 m.kr.	Kostnaður við sumarviðhald á hvern km þús.kr.	Kostnaður við sumarviðhald á hvern ekinn km kr.
Suðurland	1 557,1	1 571	991	93	16,7	1 358,7	873	14,6
Reykjanes	900,5	361	2 494	162	5,6	675,4	1 871	4,2
Vesturland	1 207,6	1 401	862	61	19,8	980,4	700	16,1
Vestfirðir	1 112,5	1 331	836	30	37,0	821,9	618	27,4
Norðurland v.	806,6	1 101	733	36	22,4	691,2	628	19,2
Norðurland e.	1 152,1	1 198	962	49	23,5	900,0	751	18,4
Austurland	1 305,0	1 446	902	41	31,8	935,4	647	22,8
Samtals	8 041,4	8 409	956	472	17,0	6 363,0	757	13,5

Í meðfylgjandi töflu er sýndur sumarviðhaldskostnaður á malarvegum og vegum með bundnu slitlagi, svo og lengd vega í hvorum flokki og ekinn km. Ennfremur er tilgreindur sumarviðhaldskostnaður á hvern km og hvern ekinn km.

Gerð vegna	Kostnaður við sumarviðhald í m.kr.	Fjöldi km	Fjöldi ekinna km í milljónum	Kostnaður á hvern km í þús.kr.	Kostnaður á hvern ekinn km í kr.
Malarvegir	5 693	8 046	266	708	21,4
Vegir með bundnu slitlagi .	670	363	206	1 846	3,3
Samtals	6 363	8 409	472	757	13,5

2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA.

2.3.0. Lán og fjárveitingar til vegaf framkvæmda.

2.3.0.1. Föst lán til vegaf framkvæmda.

Samkvæmt lánsfjáráætlun og vegáætlun var gert ráð fyrir, að ríkissjóður aflaði lánsfjár á árinu 1980 að fjárhæð 8.300 m.kr. til að brúa bilið milli áætlaðra framkvæmda samkvæmt vegáætlun annars vegar og fjárframlaga úr ríkissjóði hins vegar, þ. e. markaðra tekna og beins ríkisframlags. Ríkissjóður aflaði hins vegar ekki lánsfjár nema að upphæð 8.200 m.kr. Skortir þannig 100 m.kr. á, að áætlunin um öflun lánsfjár á árinu stæðist. Skiptist þetta lánsfé þannig, að 4.343 m.kr. eru bundnar lánskjaravísitölu en 3.857 m.kr. gengisbundnar.

Afborganir, vextir og lántökukostnaður vegna þessara lána svo og allra þeirra A-hluta lána, sem tekin hafa verið til vegagerðar frá upphafi, var greitt beint úr ríkissjóði utan vegáætlunar, eins og venja hefur verið undanfarin ár. Samkvæmt upplýsingum ríkisbókhaldsins námu þessar greiðslur ríkissjóðs á árinu 1980 sem hér segir (í m.kr.):

Afborganir (að meðtöldum verðbótum)	1 954,0
Vextir, nafnverð	989,6
Vextir, verðbótahluti	441,7
	<hr/>
Lántökukostnaður	1 431,3
	94,3
	<hr/>
Samtals	3 479,6

Við endanlegt uppgjör A-hluta ríkisreiknings fyrir árið 1979 voru vísitölubundin lán færð upp til innlausnarvirðis í árslok, en fram til þess tíma höfðu þau verið bókuð á nafnverði. Sömu reglu var fylgt í árslok 1980 og jafnframt var verðbótageiðslum á árinu 1980 skipt á milli afborgana og vaxta, en áður höfðu verðbæturnar verið taldar að fullu með vaxtagjöldunum. Gengisbundin lán hafa hins vegar alla tíð verið talin á gengi viðkomandi erlendra myntar í árslok.

Eftirfarandi tafla sýnir stöðu þessara lána og hreyfingu á árinu 1980:

Lán yfirtekin af ríkissjóði.

(Upphæðir í m. kr.)

Skuldur í árslok 1979, nafnverð	15 562,1
Hækkun til samræmis við innlausnarvirði vísitölulána 31.12.1980	14 706,0
	<hr/>
Ný lán á árinu	8 200,0
Hækkun vegna gengistaps	8 405,1
Hækkun vegna vísitöluhækkunar	7 011,9
	<hr/>
	23 617,0
	<hr/>
Afborganir (að meðtöldum verðbótum)	53,885,1
	1 954,0
	<hr/>
Skuldur í árslok 1980 samtals	51 931,1

Uppfærsla lána í erlendri mynt vegna óhagstæðrar gengisþróunar á árinu nam 8.405,1 m.kr. eins og að ofan greinir, og uppfærsla vegna vísitölubreytinga nam 7.011,9 m.kr.

Lán í erlendri mynt námu í árslok 12.909,4 m.kr. og vísitölubundin lán á innlausnarvirði námu 39.019,9 m.kr. Önnur lán voru 1,8 m.kr.

2.3.0.2 Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda.

Engin heimild var í vegáætlun til töku vinnulána eða annarra bráðabirgðalána og voru því eigi tekin önnur bráðabirgðalán en þau, sem heimamenn í tilteknum héraðum höfðu óskað eftir að leggja fram eða afla með öðrum hætti til að hraða eða ljúka ákveðnum framkvæmdum. Var lánsfé þetta að mestu leyti í formi vinnulána frá vinnuvélaeigendum og verktökum og að nokkrum hluta frá Framkvæmdasjóði Íslands.

Til stofnbrauta var aflað samtals 562,1 m.kr. í formi vinnulána að tveim þriðju hlutum, en þriðji parturinn kom frá Framkvæmdasjóði Íslands, Landsvirkjun og sveitarfélögum. Að stórum hluta fór fé þetta til vega á Suðurlandi, þ. e. Skeiðavegar, Suðurlandsveggar og Þorlákshafnarveggar, einnig til Vesturlandsveggar á Holtavörðuheidi.

Til þjóðbrauta var aflað samtals 21,9 m.kr frá sveitarfélögum. Að mestu var þar um að ræða endurlán til vega á Suðurlandi, en lánnum frá Framkvæmdasjóði Íslands frá fyrri árum að upphæð samtals 116 m.kr. til vega á Efra-Jökuldal og í Árneshreppi í Strandasýslu var breytt í fast lán.

Til viðhalds vega voru tekin vinnulán að upphæð 10,1 m.kr. og verktakafyrirtækin Hlaðbær h/f, Miðfell h/f og Loftorka s/f lánuðu samtals 115,6 m.kr. til lagningar bundinna slitlaga á þjóðvegi.

Til brúargerða í Hjaltadal í Skagafjarðarsýslu var aflað samtals 33,0 m.kr. frá sýslu- og sveitarfélögum, m. a. til byggingar brúar vegna Hitaveitu Hjaltadals.

Bráðabirgðalán í árslok voru því samtals 742,7 m.kr. á móti 425,1 m. kr. í árslok 1979 og skiptust þannig eftir viðfangsefnum:

	Árslok 1980 m. kr.	Árslok 1979 m. kr.
Til stofnbrauta	562,1	184,5
Til þjóðbrauta	21,9	210,5
Til viðhalds	10,1	4,8
Til bundinna slitlaga	115,6	25,3
Til brúargerða	33,0	0,0
Samtals	742,7	425,1

2.3.0.3. Önnur lán til vegaframkvæmda.

Lán frá Seðlabanka Íslands.

Eins og frá var greint í skýrslu ráðherra fyrir árið 1977 tók Áhaldahús Vegagerðar ríkisins það ár lán hjá Seðlabanka Íslands að upphæð 350,0 m.kr. sem endurlánað var að mestu í nokkur stór verkefni í vega- og brúargerð, þ. e. til Borgarfjarðarbrúar, vegagerðar á Holtavörðuheidi og um Oddsskarð.

Lán þetta er gengistryggt og lýkur endurgreiðslu þess á árinu 1982. Uppfærsla þess á s. l. ári vegna lækkunar á gengi krónunnar nam 226,4 m.kr., en til greiðslu afborgunar og vaxta fóru 301,3 m.kr. og var sú upphæð tekin af fjárveitingum til ofangreindra verka, sem lánsfjárins nutu á sínum tíma.

Ógreiddar eftirstöðvar lánsins námu í árslok 411,1 m.kr. á þáverandi gengi.

Lán frá Byggðasjóði.

Áhaldahús Vegagerðar ríkisins tók lán hjá Byggðasjóði á s. l. ári að upphæð 1.519 m.kr. sem endurgreiða skal á árunum 1983—1992 með 20 jöfnum hálfárslegum afborgunum og 6½% vöxtum. Var 770 m.kr. af lánsfé þessu varið til að leggja bundin slitlög á þjóðvegi í samráði við fjárveitinganefnd Alþingis, en 400 m.kr. fóru til að halda áfram uppbyggingu

nokkurra kafla á Norðausturvegi milli Húsavíkur og Vopnafjarðar, sem byrjað var á árið 1979, til að greiða fyrir vetrarsamgöngum með tilliti til hafíshættu. Loks var 349 m.kr. af lánsfénu varið til að halda áfram vegagerð á Efra-Jökuldal og í Árneshreppi í Strandasýslu, einnig til vegagerðar um Laxárdalsheiði og Gönguskörð, en hluti fjárins fór til að breyta bráðabirgðaláni, sem tekið hafði verið til þessara verkefna árin áður, í fast lán.

Skipting þessa lánsfjár milli hinna einstöku verkefna er nánar tilgreind í kafla 2.3.1.1., 2.3.1.2 og 2.3.2.

2.3.0.4. Fjárveitingar samkvæmt vegáætlun.

Fjárveitingar til nýrra þjóðvega voru samtals 10.392 m.kr. Skiptust þær þannig, að til stofnbrauta fóru 8.534 m.kr. (3.884 m.kr. til almennra verkefna, 950 m.kr. til bundinna slitlaga og 3.700 m.kr. til sérstakra verkefna), 1.700 m.kr. til þjóðbrauta og 158 m.kr. til girðinga og uppgræðslu.

Skipting þessa fjármagns er rakin nánar í köflum 2.3.1., 2.3.2. og 2.3.3.

2.3.0.5. Viðbótarfjármagn.

Í júlímánuði samþykkti ríkisstjórnin að veita 70 m.kr. aukafjárveitingu til Norðurlandsvegar í Langadal í Austur-Húnavatnssýslu og í febrúarmánuði 1981 var samþykkt 120 m.kr. aukafjárveiting vegna launahækkana, sem orðið hafa síðan í desember 1979.

2.3.0.6. Frestun framkvæmda.

Ekki var um neina frestun framkvæmda að ræða á árinu.

2.3.0.7. Yfirlit um framkvæmdir skv. vegáætlun.

Heildarfjárfesting á árinu 1980 í nýjum stofnbrautum, þjóðbrautum og brúm varð 13 536 m.kr. skv. bráðabirgðayfirliti. Framkvæmdir urðu sem hér segir.

1. Stofnbrautir:		
a) Fullnaðarfrágangur undirbyggingar	150,0 km
b) Lagning malarslitlags	81,5 km
c) Lagning bundins slitlags	87,0 km
d) Brýr 10 m og lengri, 7 brýr	754 m
e) Smábrýr, 1 brú	5 m
2. Þjóðbrautir:		
a) Undirbyggður vegur	91,7 km
b) Lagning burðarlaga og malarslitlags	115,7 km
c) Lagning bundins slitlags	4,9 km
d) Brýr 10 m og lengri, 4 brýr	116 m
e) Smábrýr, 7 brýr	41 m
3. Sýsluvegir:		
a) Brýr 10 m og lengri, 2 brýr	24 m

2.3.1. Til stofnbrauta.

2.3.1.1. Almenn verkefni.

Fjárveiting til almennra verkefna á stofnbrautum var 3 884 m.kr. Viðbótarfjárveiting var 470 m.kr. (sbr. 2.3.0.3. og 2.3.0.5.). Þessum upphæðum var skipt samkvæmt eftirfarnadi yfirliti, en í fylgiskjali 2.3.1.1.—1. er gerð grein fyrir ráðstöfun á einstökum fjárveitingum.

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjár- m.kr.	Viðbótar- fjár- m.kr.
Suðurlandskjördæmi			
1	Suðurlandsvegur		
08	Um Hemruhamra	14	
14	Um Reynisfjall	75	
17	Um Steina	11	
22—27	Hvolsvöllur — Landvegur	189	
30	Skeiðavegur		
01	Suðurlandsvegur — Ólafsvallavegur	75	
34	Eyrarbakkevegur		
02	Selfoss — Gaulverjabæjarvegur	130	
Reykjaneskjördæmi			
1	Vesturlandsvegur		
13—14	Skálatún — Þingvallavegur	15	
16	Brautarholtsvegur — Dalsmynni	240	
17	Eirikshóll — Fossá	65	
40	Hafnarfjarðarvegur		
03—04	Arnarnes — Hafnarfjörður	106	
06	Engidalur — Elliðavatnsvegur	15	
45	Garðskagavegur		
03	Garður — Sandgerði	15	
Vesturlandskjördæmi			
1	Vesturlandsvegur		
09	Um Gufuá	97	
09	Um Eskiholtslæk	19	
11	Brekka — Búðardalsá	20	
51	Akranesvegur		
01	Akrafjallsvegur — Berjadalsá	157	
54	Ólafsvíkurvegur		
05	Þverá — Dalsmynni	65	
06	Um Gröf	5	
07	Um Gróulæk og Viðralæk	19	
08	Kirkjuhóll — Hofgarðar	62	
55	Heydalsvegur		
